

Miðvikudaginn 9. febrúar 1970.

Nr. 47/1966. X (Ólafur Þorgrímsson hrl.)

gegn

Y og gagnsök (Gunnar J. Möller hrl.).

**Dómendur:**

hæstaréttardómaramirnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Barnsfaðernismál.

**Dómur Hæstaréttar.**

Hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp 14. desember 1965. Skaut gagnáfrýjandi honum til Hæstaréttar með stefnu 23. febrúar 1966, en útvistardómur gekk í því máli hinn 2. júní 1967. Aðaláfrýjandi hafði gagnáfrýjað málinu með stefnu 30. marz 1966, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. s. m. Gagnáfrýjandi skaut nú málinu aftur til Hæstaréttar með stefnu 30. október 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. s. m.

Aðaláfrýjandi krefst þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur faðir sveinbarns þess, B, er hún ól hinn 25. júní 1962, og dæmt skylt að greiða henni meðlag með barninu frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs svo og fæðingarstyrk, allt eftir yfirvaldsúrskurði, og loks tryggingariðgjald hennar fyrir árið 1962, kr. 1.425.00. Þá krefst hún og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en hún fékk gjafsóknarleyfi hinn 29. marz 1966.

Gagnáfrýjandi gerir þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Varakrafa: Að hann verði einungis dæmdur meðlagsskyldur með barni aðaláfrýjanda, fæddu 25. júní 1962.

Loks krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Barn aðaláfrýjanda fæddist fullburða hinn 25. júní 1962. Er því hugsanlegur getnaðartími þess frá 9. ágúst til 29. október 1961.

Eftir uppsögu héraðsdóms kom Z sjómaður fyrir dóm. Kveðst hann hafa haft samfarir við aðaláfrýjanda í eitt skipti haustið 1961, en man ekki nánar, hvenær það var. Hann kveðst einnig hafa haft samfarir við aðaláfrýjanda einu sinni eftir fæðingu barnsins. Þessi framburður Z var borinn undir aðaláfrýjanda, sem neitaði að hafa haft samfarir við Z fyrr en eftir fæðingu barns þess, sem málið er risið af.

Samkvæmt vottorði Rannsóknarstofu Háskólans, dags. 17. desember 1969 og 15. janúar 1970, var aðiljum máls þessa, barninu, B, og Z tekið blóð til blóðflokkarannsóknar í október til desember 1969 og úrtakið rannsakað tvívegis. Niðurstöður beggja blóðflokkarannsóknanna voru, að hvorki var unnt að útiloka gagnáfrýjanda né Z frá faðerninu.

Aðalkrafa gagnáfrýjanda er reist á því, að ástæða hafi verið til að beina málinu einnig gegn Z, en eigi er sannað, að hann hafi haft samfarir við aðaláfrýjanda á getnaðartíma barnsins. Að svo vöxnu máli eru eigi efni til að taka nefnda kröfu til greina.

Gagnáfrýjandi hefur viðurkennt samfarir við aðaláfrýjanda á hugsanlegum getnaðartíma barnsins. Verður hann því dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda meðlag með barni aðaláfrýjanda, B, frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, tryggingariðgjald hennar fyrir árið 1962 og fæðingarstyrk, allt eftir yfirvaldsúrskurði, og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 17.000.00, er renni í rikissjóð. Gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, greiðist úr rikissjóði.

Eftir öllum málavöxtum þykja málsúrslit um faðerni barnsins eiga að vera þau, að vinni aðaláfrýjandi á löglegu varnarþingi eið að því innan tveggja mánaða frá birtingu dóms þessa, að hún hafi á tímabilinu frá og með 9. ágúst til og með 29. október 1961 einungis haft holdlegar samfarir við gagnáfrýjanda, skal telja hann föður að barni aðaláfrýjanda, B, fæddu 25. júní 1962.

## Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Y, greiði aðaláfrýjanda, X, meðlag með barni hennar, B, frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs, tryggingariðgjald hennar fyrir árið 1962 og fæðingarstyrk, allt eftir yfirvaldsúrskurði, og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 17.000.00, er renni í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Ef aðaláfrýjandi vinnur eið að því á löglegu varnarþingi innan tveggja mánaða frá birtingu dóms þessa, að hún hafi á tímabilinu frá og með 9. ágúst til og með 29. október 1961 einungis haft holdlegar samfarir við gagnáfrýjanda, skal telja hann föður að barni aðaláfrýjanda, B, fæddu 25. júní 1962.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur aukadómþings Ísafjarðarsýslu 14. desember 1965.**

Ár 1965, þriðjudaginn 14. desember, var á aukadómþingi Ísafjarðarsýslu, sem haldið var í sýsluskrifstofunni af Jóhanni Gunnari Ólafssyni sýslumanni, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var í dag.

Hinn 25. júní 1962 ól ógift stúlka, X, til heimilis að . . . , Reykjavík, sveinbarn, sem skirt var B, og lýsti hún Y sjómann, til heimilis að . . . , Suðureyri í Súgandafirði í Vestur-Ísafjarðarsýslu, föður að barninu, en hann hefur ekki viljað kannast við faðernið. Hefur sóknaraðili því höfðað mál þetta gegn honum og krafizt þess, að hann verði dæmdur faðir að barninu og dæmt skylt að greiða meðlag með barninu frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs, barnsfararkostnað og styrk fyrir og eftir barnsburð og tryggingariðgjald hennar fyrir árið 1962 og til málskostnaðar-greiðslu.

Til vara krafðist sóknaraðili þess, að úrslit málsins verði látin velta á fyllingareid hennar.

Sóknaraðili skýrir svo frá málavöxtum, að síðsumars 1960, í ágúst eða september, hafi hún kynnt varnaraðilja á Suðureyri í Súgandafirði. Um það bil mánuði eftir að þau kynntust, höfðu þau samfarir og síðan við og við, þangað til slitnaði upp úr kunningskap þeirra, skömmu eftir að hún vissi, að hún var orðin barnshafandi, um mánaðamót september/október 1961.

Sagði hún varnaraðilja frá því, og sleit hann þá kunningskap þeirra. Viðurkenndi hann faðernið fyrir henni og eins móður hennar. Samfarirnar fóru ætíð fram á heimili varnaraðilja, og hafði hvorugt við nokkrar varúðarráðstafanir. Sóknaraðili taldi sig hafa haft á klæðum í eitt skipti, eftir að hún varð barnshafandi einhvern tíma um mánaðamót september/október 1961, en þær blæðingar hefðu ekki verið eðlilegar, miklu minni en venjulega, og stóðu þær aðeins einn dag.

Sóknaraðili kvað ekki öðrum til að dreifa um faðerni barnsins en varnaraðilja, enda hefði hún ekki haft samfarir við annan mann á getnaðartíma barnsins.

Varnaraðili hefur haldið því fram, að hann sé ekki faðir barns sóknaraðilja. Hann kveðst hafa hitt hana á dansleik 20. ágúst 1961 og þá nótt haft samfarir við hana og ekki í önnur skipti. Sóknaraðili hafi aldrei sagt honum, að hún væri barnshafandi af hans völdum, en hann hafi heyrt, að hún kenndi honum barn.

Varnaraðili tilnefndi þrjá menn, sem hann kvað sér vera kunnugt um, að hefðu haft samfarir við hana um sömu mundir og hann. Einn þessara manna kom fyrir dóm og kvaðst einu sinni hafa haft samfarir við sóknaraðilja, en þó ekki á getnaðartíma barnsins. Annar þessara manna er látinn. Ekki hefur tekizt að fá skýrslu af þeim þriðja þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Sóknaraðili hefur haldið því fram, að hún hafi ekki haft samfarir við þessa menn.

Blóðflokkarannsókn var framkvæmd á málsaðiljum, barninu og manni þeim, sem varnaraðili tilnefndi og kom fyrir dóm, og varð niðurstaða hennar þessi:

	Aðalfl.	Undirfl.	C	D	E	c	e
Sóknaraðili . . . .	A <sub>1</sub>	MN	+	+	-	+	+
Barnið . . . . .	A <sub>1</sub>	N	+	+	-	-	+
Varnaraðili . . . .	A <sub>1</sub>	MN	+	+	-	-	+
Þriðji maður . . . .	A <sub>1</sub>	N	+	+	-	+	+

Samkvæmt þessari niðurstöðu var ekki unnt að útiloka varnaraðilja eða þriðjamann frá faðerninu.

Samkvæmt vottorði ljósmóður var barnið við fæðingu 4.050 gr. að þyngd og 55 cm á lengd og því fullburða. Hugsanlegur getnaðartími barnsins gæti því verið lok ágúst/september 1961.

Úrslit málsins verða samkvæmt því, sem rakið hefur verið, að vera komin undir eiði annars hvors aðilja.

Sóknaraðili hefur haldið því fram, að barnið hafi komið undir við samfarir um mánaðamót september/október 1961 og að hún hafi ekki haft samfarir við annan karlmann á hugsanlegum getnaðartíma barnsins.

Varnaraðili hefur hins vegar synjað fyrir að hafa haft samfarir við sóknaraðilja nema 20. ágúst 1961. Verður dómariinn að líta svo á, að sóknaraðili hafi fremur líkurnar með sér og beri að veita henni eiðsheimild. Verða úrslit málsins því þau samkvæmt 213. grein laga nr. 85/1936, að vinni sóknaraðili á varnarþingi sínu eið að því innan 8 vikna frá birtingu dóms þessa, að hún hafi ekki á tímabilinu 20. ágúst 1961 til 20. október 1961 haft holdlegar samfarir við annan karlmann en varnaraðilja, skal varnaraðili teljast faðir að sveinbarni því, sem sóknaraðili ól 25. júní 1962 og greiða með því meðlag frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs, fæðingarstyrk og styrk fyrir og eftir barnsburðinn og tryggingargjald hennar fyrir 1962, kr. 1.425.00, lögum samkvæmt. Þá skal varnaraðili greiða kostnað málsins.

Verði sóknaraðilja eiðfall, skal varnaraðili vera sýkn af kröfum hennar, og skal málskostnaður þá falla niður.

#### Dómsorð:

Vinni sóknaraðili, X, innan 8 vikna frá birtingu dóms þessa eið að því á varnarþingi sínu, að hún hafi á tímabilinu 20. ágúst 1961—20. október 1961 ekki haft holdlegar samfarir við annan karlmann en varnaraðilja, Y, skal hann teljast faðir að sveinbarni því, B, sem sóknaraðili ól 25. júní 1962, og greiða með því samkvæmt yfirvaldsúrskurði meðlag frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs, fæðingarstyrk og styrk fyrir og eftir barnsburð til sóknaraðilja og tryggingariðgjald hennar fyrir 1962, kr. 1.425.00. Þá skal varnaraðili greiða kostnað málsins. Verði sóknaraðilja eiðfall, skal varnaraðili, Y, vera sýkn af kröfum hennar og málskostnaður þá falla niður.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.